



Ársskýrsla 2004



Þekkingarsetur
Þingeyinga

Ársskýrsla 2004

Apríl 2005

Apríl 2005

Útgefandi: Þekkingarsetur Þingeyinga
Texti og myndir: Óli Halldórsson, forstöðumaður

Garðarsbraut 19, 640 Húsavík
s. 464 0444 – fax 464 0445
www.hac.is – hac@hac.is

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	1
STARFSEMI Á ÁRINU 2004.....	2
HÚSNÆÐISMÁL.....	6
VERKEFNI.....	8
SAMSTARF	10
FJÁRHAGUR	12
LOKAORÐ.....	13

Inngangur

Þekkingarsetur Þingeyinga hefur nú lokið sínu fyrsta heila starfsári en stofnunin var stofnuð sumarið 2003 og hóf starfsemi þann 1. október sama ár. Stofnunin hóf starfsemina á grundvelli samnings við menntamálaráðuneytið um fjárstuðning til uppbyggingar þekkingarseturs á Húsavík. Er það samkvæmt samkomulagi menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra um átak í menntun og menningu á landsbyggðinni. Samningur þessi kveður á um 5 m.kr. ársframlag til þriggja ára frá árinu 2003 að telja.

Starfsemi Þekkingarsetursins óx hratt á árinu 2004. Fyrri hluta ársins var stofnunin rekin í bráðabirgðahúsnæði ásamt Náttúrustofu Norðausturlands, en stofnanirnar hafa frá upphafi verið reknar samhliða báðum til samlegðar. Við flutning í nýtt húsnæði um mitt ár var hægt að hefja rekstur Þekkingarsetursins í þeirri mynd sem menntamálaráðuneytið og heimamenn ætluðu í upphafi og kveðið var á um í skipulagsskrá.

Umsvif Þekkingarsetursins á árinu 2004 voru nokkur og raunar töluvert umfram væntingar. Þar komu m.a. til góðar viðtökur í héraðinu og mikill vilji ungs rannsóknafólks til að nýta sér þjónustu og aðstöðu setursins. Einnig eflidist starfsemin mikið við það að fleiri stofnanir bættust við inn í setrið á haustmánuðum. Munaði þar mest um náð samstarf Þekkingarseturs Þingeyinga og Fræðslumiðsöðvar Þingeyinga frá hausti, en þá tók Þekkingarsetrið að sér rekstur Fræþings skv. samkomulagi þar um.

Frá stofnun Þekkingarsetursins hefur óvissa í fjármálum verið akkilesarhæll stofnunarinnar. Með mikilli vinnu og samstilltu átaki náðist að láta enda ná saman á árinu 2004 og útlit er fyrir að það takist á árinu 2005 einnig. Hins vegar er alger óvissa um rekstur ársins 2006 og til framtíðar þar sem stjórnvöld hafa ekki markað neina stefnu um framtíðarrekstur og fjármögnun setra sem þessa á landsbyggðinni.

Fyrir okkur sem stöndum að þessum rekstri hlýtur það að vera mikilvægt að halda þeirri bjartsýni að ætla skilning og stuðning stjórnvalda aukast meðan starfsemi er blómleg og gangur góður.



Óli Halldórsson,

forstöðumaður Þekkingarseturs Þingeyinga

Starfsemi á árinu 2004

Starfsfólk þekkingarseturs Þingeyinga

Þekkingarsetur Þingeyinga hefur tvo starfsmenn í fullu starfi á heilsársvísu, forstöðumann setursins, Óla Halldórsson, og umsjónarmann málaflokks Fræþings, Guðrúnu K. Jóhannsdóttir. Þá starfar Kristbjörg Jónasdóttir í hlutastarfi við ræstingar. Fleira starfsfólk getur svo bæst við tímabundið þegar setrið hefur umsjón með tímabundnum sérverkefnum.



Óli Halldórsson
Forstöðumaður
Netfang: oli@hac.is

Forstöðumaður, Óli Halldórsson, annast daglegan rekstur og ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun verkefna og því sem stjórnin ákvarðar hverju sinni. Forstöðumaður fer með stjórn fjármála þekkingarseturs Þingeyinga í umboði stjórnar og annast reikningsskil. Samkvæmt samningi vinnur forstöðumaður einnig að afmörkuðum verkefnum fyrir Fræþing, einkum tengdum fjármálum og stefnumótun.



Guðrún Kristín Jóhannsdóttir
Starfsmaður Fræðslumiðstöðvar
Netfang: gunnaj@hac.is

Guðrún Kristín Jóhannsdóttir er starfsmaður þekkingarseturs Þingeyinga en er ráðin eftir samstarfssamningi þekkingarsetursins og Fræþings til starfa fyrir Fræðslumiðstöðina. Hún hefur umsjón með rekstri þeirrar stofnunar, þ.e. námskeiðahaldi á sviði sí- og endurmenntunar og þjónustu við skólafnanir og nema.



Kristbjörg Jónasdóttir
Húsumsjón og ræstingar

Kristbjörg Jónasdóttir var ráðin til starfa við ræstingar í nýju húsnæði þekkingarsetursins. Hún sér einnig um ýmis mál varðandi umsjón húsnæðis, s.s. innkaup. Kristbjörg er í hlutastarfi hjá setrinu.

Stjórn

Stjórn Þekkingarseturs Þingeyinga er samansett samkvæmt skipulagsskrá. Í stjórninni sitja 6 menn, tilnefndir til 2 ára í senn. Húsavíkurbær, Héraðsnefnd Þingeyinga, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Náttúrustofa Norðausturlands, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands tilnefna einn hver.

Eftirtaldir aðilar sitja í stjórn Þekkingarsetursins:

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður (Húsavíkurbær)

Björn Gunnarsson (Háskólinn á Akureyri)

Böðvar Pétursson (Náttúrustofa Norðausturlands)

Erla Sigurðardóttir, ritari (Fræðslumiðstöð Þingeyinga)

Jóhann Guðni Reynisson (Héraðsnefnd Þingeyinga)

Rögnvaldur Ólafsson (Háskóli Íslands)

Á árinu 2004 varð ein breyting á stjórninni þar sem Jóhann Guðni Reynisson kom inn í stjórn fyrir Jóhannes Sigfússon samhliða breytingum á formennsku í Héraðsnefnd Þingeyinga.

Hlutverk Þekkingarseturs

Samkvæmt skipulagsskrá er hlutverk Þekkingarseturs Þingeyinga þrjúþætt í meginatriðum:

1. Miðstöð rannsókna í héraðinu

Setrið verði þverfagleg miðstöð rannsókna í héraðinu og starfsvettvangur vísindamanna frá samstarfsháskólum og annarra eftir atvikum. Sameini undir einu þaki aðila sem stunda rannsóknir í héraðinu. Halda utan um niðurstöður rannsókna sem gerðar eru eða hafa verið gerðar í héraðinu. Komið verði upp góðri vinnuáðstöðu innan setursins til útleigu og/eða útláns til þessara aðila til lengri eða skemmri tíma.

2. Frumkvæði að rannsóknastarfi í héraðinu

Hafa frumkvæði að rannsóknastarfi og milligöngu um það í samstarfi við samstarfsháskólana (Háskólan á Akureyri og Háskóla Íslands). Leitast við að fá til Þingeyjarsýslna fræði- og vísindamenn, stúdenta og rannsóknarstofnanir til rannsókna, fræði- og ritstarfa. Einnig aðila á vegum annarra, s.s. stofnana, fyrirtækja eða samtaka, innlendra sem erlendra. Efla almennt rannsóknir í Þingeyjarsýslum. Hafa frumkvæði að einstökum rannsóknarverkefnum í héraðinu og koma á samstarfi milli þeirra aðila sem komið geta að slíkum verkefnum.

3. Háskólanámssetur

Treysta undirstöður háskólanáms í Þingeyjarsýslum í samstarfi við Fræðslumiðstöð Þingeyinga með rekstri öflugs háskólanámsseturs á Húsavík. Stuðla að nýtingu staðbundinnar þekkingar aðila innan og utan Þekkingarseturs til kennslu á háskólastigi.

Umfang starfsemi á árinu - yfirlit

❖ Janúar-maí

Fyrstu mánuðir ársins fóru að nokkru leyti í vinnu við að koma stofnuninni og daglegum rekstri hennar í fastar horfur. Þó fóru af stað tvö rannsóknarverkefni strax í janúar, sem voru unnin af ungu háskólafólki og kostuð með styrkjum.

Umfang starfsemi: 3-4 stöðugildi innan seturs
2 sjálfst. rannsóknarverkefni í fullu starfi
2 stofnanir: -Þekkingarsetur Þingeyinga (1 starfsm.)
-Náttúrustofa Norðausturlands (1 starfsm.)

❖ Júní-ágúst

Sumarið 2004 var mest áhersla lögð á sjálfstæð rannsóknarverkefni á vegum háskólanema og í samstarfi við ýmsar stofnanir og fyrirtæki. Alls voru 8 verkefni unnin, öll kostuð með styrkjum.

Umfang starfsemi: 10-12 stöðugildi innan seturs
7 sjálfst. rannsóknarverkefni (þar af 4 í fullu starfi og 3 í hlutastarfi)
4 stofnanir: -Þekkingarsetur Þingeyinga (2 starfsm.)
-Náttúrustofa Norðausturlands (3 starfsm.)
-Fræðslumiðstöð Þingeyinga (1 starfsm.)
-Frumkvöðlasetur Norðurlands (1 starfsm.)

❖ September-deseember

Haustið einkenndist af þjónustu við háskólanema með opnun háskólanámssetursins í nýju húsnæði. Skrifað var undir samkomulag við Fræðslumiðstöð Þingeyinga (Fræþing) um náð samstarf sem felur m.a. í sér að Þekkingarsetrið sér um starfsmannahald og rekstur Fræðslumiðstöðvarinnar. Í fyrsta sinn var farið að þjónusta háskólanema með lesaðstöðu og heildstæðri aðstöð og þjónustu við háskólanámsstigið.

Umfang starfsemi: 6-7 stöðugildi innan seturs
2 sjálfst. rannsóknarverkefni, þar af 1 í fullu starfi og 1 í hlutastarfi
4 stofnanir: -Þekkingarsetur Þingeyinga (1 starfsm.)
-Náttúrustofa Norðausturlands (2 starfsm.)
-Fræðslumiðstöð Þingeyinga (1 starfsm.)
-“Virkjum alla”, rafrænt samfélag (1-2 starfsm.)

Fræðslumiðstöð Þingeyinga

Haustið 2004 óskaði stjórn Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga eftir samstarfi við Þekkingarsetrið um rekstur miðstöðvarinnar. Þetta kom til af breytingum í rekstrarumhverfi Fræþings, einkum af þeirri ástæðu að framkvæmdastjóri lét af störfum að hausti. Undirritað var samkomulag við Þekkingarsetrið um að það tæki að sér rekstur Fræþings í nánú samráði við stjórn stofnunarinnar. Við þessar breytingar fluttist skrifstofa Fræþings frá Kópaskeri til Húsavíkur í Þekkingarsetrið. Guðrún Kristín Jóhannsdóttir var ráðin til Þekkingarsetursins til þess að sinna málefnum Fræþings eins og greint er frá að framan.

Töluverðar breytingar urðu á rekstri Fræþings þegar fyrrgreindur samningur tók gildi, en með þessari breytingu hefur Fræþing í fyrsta sinn yfir að ráða fullbúinni kennslustofu í húsnæði sínu. Þá hefur orðið mikil breyting til batnaðar á þjónustu við háskólanema þar sem Þekkingarsetur Þingeyinga og Fræþing hafa rekið háskólanámssetur í sameiningu frá hausmánuðum. Haustmisserið 2004 fór að miklu leyti í aðlögun Fræþings að þessu breytta starfsumhverfi og starfsaðstæðum. Þá var lögð mikil vinna í stefnumótunarvinnu og breytingu á verkferlum stofnunarinnar í kjölfar þessara aðstæðna sem uppi eru.

Heimasíða

Snemma árs 2004 var smíðuð heimasíða fyrir Þekkingarsetrið. Síðan var unnin og hönnuð í heimabyggð af fyrirtækinu Örk hf. Síðan var hönnuð samhliða heimasíðum Náttúrustofu Norðausturlands og Fræþings. Haldið er úti reglulegum fréttum af starfsemi setursins á heimasíðunni. Heimasíðan hefur verið þrýðilega sótt og fengið mjög góðar viðtökur. Að jafnaði sækja um 300-400 manns heimasíðuna í hverri viku.

Ákveðið var að nota skammstöfun enska heitis Þekkingarsetursins í léni síðunnar, þ.e. www.hac.is (Husavik Academic Center). Ástæða þess er sú hve óþjálrt íslenska heiti síðunnar þótti í léni.



Heimasíða Þekkingarsetursins www.hac.is

Húsnæðismál

Garðarsbraut 19, Húsavík

Þekkingarsetur Þingeyinga hefur nú starfað í um hálf tveimur árum eða frá októbermánuði 2003. Fram á mitt ári 2004 var stofnunin í bráðabirgða-húsnæði ásamt Náttúrustofu Norðausturlands á 3 hæð í húsinu Garðari að Garðarsbraut 5 á Húsavík. Þessa fyrstu mánuði hafði stofnunin eingöngu 3 skrifstofur til afnota og var því áhersla lögð á undirbúningsvinnu, mótun samstarfs og verkefnaöflun.



Húsnæði Þekkingarseturs Þingeyinga á 2. hæð við Garðarsbraut 19, Húsavík. Stofnunin flutti inn í húsnæðið um mitt ári 2004.

Í júnímánuði 2004 tók setrið við nýju húsnæði í miðbæ Húsavíkur. Um er

að ræða 280 fm leiguhúsnæði á 2. hæð að Garðarsbraut 19. Stofnunin framleigir húsnæðið að hluta til annarra stofnana og aðila og myndar þannig "þekkingarsamfélag" eins og henni er ætlað samkvæmt

skipulagsskrá. Á árinu 2004 var húsnæðið vel nýtt. Allar 6 skrifstofur voru í notkun og kennslustofan var mikið notuð. Með flutningi Fræþings inn í Þekkingarsetrið auk hýsingar verkefnisins "Virkjum alla" eru stofnanir innan setursins á heilsársvísu orðnar 4 talsins.



Í húsnæði Þekkingarsetursins er fullbúið lesrými með vinnuástöðu fyrir háskólanema og 15 manna kennslustofa sem einnig er nýtt sem fundarrými. Þá er rúmgóð sameiginleg kaffiástaða.

Formleg opnun Þekkingarsetursins

Þekkingarsetur Þingeyinga var opnað með formlegum hætti ásamt Náttúrustofu Norðausturlands þann 10. ágúst 2004. Haldið var opunarhóf þar sem ráðherra, þingmönnum og samstarfsaðilum stofnananna innan og utan héraðs var boðið.

Þótt stofnanirnar hefðu báðar verið starfandi frá haustinu 2003 höfðu þær ekki verið opnaðar með formlegum hætti fyrr. Þessi formlega opunarathöfn fór fram í norðlensku góðviðri og var haldin utan dyra að mestu. Menntamála-
ráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir opnaði



Frá opunarhófi Þekkingarseturs Þingeyinga og Náttúrustofu Norðausturlands í ágúst 2004.

Þekkingarsetrið formlega en við sama tækifæri opnaði Siv

Friðleifsdóttir þáverandi umhverfisráðherra Náttúrustofu Norðausturlands. Þá ávarpaði Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra gesti, en ráðuneyti hennar kemur beint að rekstri Þekkingarsetursins í samstarfi við menntamálaráðuneytið. Opunarhófið heppnaðist prýðilega og var vel mætt til samkomunnar.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra ávarpa gesti við opnun Þekkingarsetursins og Náttúrustofunnar.

Verkefni

Háskólanámssetur

Samkvæmt skipulagsskrá hefur Þekkingarsetrið það m.a. að markmiði að byggja upp háskólanámssetur. Því voru við innflutning í nýja húsnæðið sumarið 2004 keypt húsgögn og búnaður til háskólanámssetursins. Keypt voru kennsluborð fyrir 15 nema og stólar við sem auðveldlega eru færarleg og hægt að nýta sem fundarborð þegar þörf er á. Þá voru keypt sérstök lesborð fyrir háskólanema og sett upp þráðlaust netsamband.

Rekstur háskólanámssetursins hefur verið sameiginlega á höndum Þekkingarsetursins og Fræþings. Það samstarf hefur verið með þeim hætti að Þekkingarsetrið byggir upp og haldi við námssetrinu og -aðstöðunni en Fræþing sjái um þjónustu við háskólanemana. Í ljósi samstarfssamnings stofnananna hefur rekstur háskólanámssetursins því verið sameiginlegur að miklu leyti. Kostnaði við þjónustu í háskólanámssetri hefur þó verið haldið í lágmarki vegna fjársveltis stofnananna.

Nýting háskólanámssetursins hefur verið góð og vaxandi frá haustinu. 20-30 nemar frá hinum ýmsu háskólum landsins hafa sólarhringsaðgang að vinnuaðstöðunni í setrinu. Fyrir utan það gagn sem nemar hafa ótvírætt af þessari aðstöðu hefur tilkoma þeirra og dagleg umgengni í setrinu lífgað mikið upp á og skapað skammtilega og fjölbreytta "vinnustaðameningu" á setrinu.

Rannsóknir

Á árinu 2004 var unnið að nokkrum rannsóknarverkefnum á Þekkingarsetrinu. Sum þessara verkefna voru unnin að öllu leyti á setrinu, þ.e. frá upphafi til enda, en í öðrum tilvikum komu rannsakendur á setrið til tímabundinna starfa við verkefni sín. Þá var unnið að ýmsum rannsóknarverkefnum á vegum Náttúrustofu Norðausturlands og er vísað til ársskýrslu þeirrar stofnunar varðandi þau verkefni (www.nna.is).

Að neðan eru þau rannsóknarverkefni sem unnið var að á árinu rakin í örfáum orðum:

<i>Rannsókn:</i>	<i>Rannsókn á aðstæðum til fiskeldis við Húsavík</i>
Rannsakandi:	Ásmundur Gíslason (B.S. í sjávarútvegsfræði)
Samstarfsstofnun:	Frumkvöðlasetur Norðurlands, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Hólaskóli
Samstarf við setrið:	ÞP hafði umsjón með verkefninu, aðstaða nýtt innan setursins sumarið 2004
<i>Rannsókn:</i>	<i>Jarðskjálftahættumat fyrir Húsavíkursvæðið</i>
Rannsakandi:	Björn Halldórsson (M.S. nemi í umhverfis-/jarðfræði)
Samstarfsstofnun:	Háskóli Íslands, Húsavíkurbær, Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands
Samstarf við setrið:	Nýting vinnuaðstöðu sumarið 2004

Rannsókn: **Markaðsrannsókn á hvalaskoðunarfarþegum**

Rannsakandi: Elsa María Jakobsdóttir (B.A. nemi í félagsfræði)

Samstarfsfyrirtæki: Norðursigling

Samstarf við setrið: Undirbúningur og framkvæmd rannsókna í samstarfi Norðursiglingar og Þekkingarseturs. Nýting vinnuaðstöðu í Þekkingarsetrinu sumarið 2004

Rannsókn: **Ímyndarrannsóknir á Húsavík og Mývatnssveit sem ferðamannastöðum fyrir íslenska ferðamenn**

Rannsakandi: Guðrún Erla Jónsdóttir (B.S. ferðamálafræði)

Samstarfsstofnun: Kísilgúrsjóður

Samstarf við setrið: Nýting vinnuaðstöðu í hlutastarfi á árinu 2004

Rannsókn: **Jarðfræðirannsókn á skriðum í Loðmundafirði**

Rannsakandi: Helga Jóna Jónasdóttir (B.S. nemi í jarðfræði)

Samstarfsstofnun: Háskóli Íslands

Samstarf við setrið: Nýting vinnuaðstöðu sumarið 2004

Rannsókn: **Doktorsrannsókn í umhverfishagfræði**

Rannsakandi: Hermann Bárðarson (M.S. í umhverfisstjórnun-cand.mag í sjávarútvegsfræði)

Samstarfsstofnun: Háskólinn í Bergen, Noregi

Samstarf við setrið: Nýting vinnuaðstöðu sumarið 2004. Áframhaldandi nýting á vinnuaðstöðu í öðrum verkefnum á komandi sumrum

Rannsókn: **Lífstílsrannsóknir á Íslendingum/Þingeyingum**

Rannsakandi: Kristján Þór Magnússon (B.S. í líffræði)

Samstarfsstofnun: Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, KHÍ (íþróttakennaraskor), Landsspítali-Háskólasjúkrahús

Samstarf við setrið: Nýting vinnuaðstöðu á heilsársvísu

Rannsókn: **Rannsókn á gömlum fiskimiðum Þingeyinga**

Rannsakandi: Ómar Þorgeirsson (B.A. nemi í sagnfræði)

Samstarfsstofnun: Safnahúsið á Húsavík

Samstarf við setrið: Undirbúningur verkefnis, framkvæmd og fjármögnun unnin í samstarfi Safnahúss og Þekkingarseturs sumarið 2004

Útseld vinna/sérfræðivinna

Þótt ekki sé gert ráð fyrir því að forstöðumaður Þekkingarsetursins sé mikið í útseldri vinnu leitaðist forstöðumaður við það á árinu 2004 að selja vinnu sína í afmörkuð verkefni sem falla að sérsviði hans eftir því sem kostur var á vegna fjársveltis.

Að neðan er þessi vinna rakin í stuttu máli:



Verkefni:	Kennsla við Háskólann á Akureyri
Nánari lýsing:	Umsjón og kennsla forstöðumanns í skyldunámskeiði á 3. ári í umhverfisfræði við Auðlindadeild H.A., Umhverfismat og skipulag.
Umfang:	Kennsla á haustmisseri, frá ágúst-desember. Kenndar 3 klst. vikulega á Akureyri.



ni:	Vinna fyrir Fræðslumiðstöð Þingeyinga
Nánari lýsing:	Fram til 1. sept. vann forstöðumaður í föstu starfshlutfalli að ýmsum verkefnum skv. óskum og í samráði við framkvæmdastjóra Fræþings. Eftir 1. sept. tók Þekkingarsetrið alveg við rekstri Fræþings.
Umfang:	Frá febrúar til sept. 25% starfshlutfall forstöðumanns. Frá sept.-des. 33%.



Verkefni:	Ráðgjafarvinna fyrir Vegagerðina.
Nánari lýsing:	Útseld sérfræðivinna forstöðumanns á sviði mats á umhverfisáhrifum fyrir Vegagerðina. Ráðgjöf vegna umhverfismats fyrirhugaðs Dettifossvegar.
Umfang:	Tímavinna, samtals nokkrir dagar að sumri.

Samstarf

Náttúrustofa Norðausturlands

Þekkingarsetrið hefur frá upphafi verið rekið undir sama þaki og Náttúrustofa Norðausturlands. Formlegt samstarf felst í húsaleigusamningi og samkomulagi um samnýtingu aðstöðu og tækja stofnananna. Forstöðumenn stofnananna vinna hins vegar náið saman að öllum veigameiri verkefnum beggja stofnana. Þetta samstarf var mjög farsælt á árinu 2004.

Fræðslumiðstöð Þingeyinga

Frá stofnun Þekkingarsetursins hefur samvinna verið mikil við Fræðslumiðstöð Þingeyinga. Verkefni stofnananna tengjast með ýmsum hætti, einkum að því leyti er varðar þjónustu við háskólanám og háskólanema. Í upphafi ársins 2004 gerðu stofnanirnar samning um hlutdeild Fræþings í starfskrafti forstöðumanns Þekkingarsetursins. Á haustmánuðum breyttist þetta eins og áður er rakið yfir í það form að Þekkingarsetrið tók að sér rekstur Fræþings í heild og rak stofnunina í samráði við stjórn Fræþings.

Háskólinn á Akureyri

Þekkingarsetrið á traust samstarf við Háskólann á Akureyri og eru í vinnslu drög að samstarfssamningi milli stofnananna. Samstarfið á árinu 2004 hefur mest verið við auðlindadeild en forstöðumaður tók að sér umsjón og kennslu námskeiðs á 3. ári í B.S. námi í umhverfisfræðum við H.A. á haustmísseri. Þess utan hafa Þekkingarsetrið og Fræðslumiðstöðin lagt mikla áherslu á það að þjónusta nema við Háskólann á Akureyri sem ekki hafa flutt búferlum á meðan námi stendur.

Háskóli Íslands

Þekkingarsetrið átti samstarf við Háskóla Íslands á árinu, en drög að samstarfssamningi við skólann eru í vinnslu. Þekkingarsetrið hefur kynnt stofnunum og skorum innan Háskóla Íslands möguleika á samstarfi um móttöku setursins á nemendahópum í vettvangsferðum. Tekið var á móti 1 slíkum hóp í októbermánuði, en þá komu um 60 nesar í ferðamála- og landfræði við H.Í. til vikunámsferðar til Húsavíkur.

Hólaskóli

Sumarið 2004 fór af stað rannsóknarverkefni á sviði fiskeldisfræða sem Þekkingarsetrið stóð að ásamt Hólaskóla og fleiri stofnunum. Verkefnið var unnið að sumri og lauk með útgáfu skýrslu. Stefnt er að því að koma á nánú samstarfi Hólaskóla og Þekkingarsetursins á komandi mísserum. Þar verður ekki síst horft til ferðamálafræðibrautar Hólaskóla og þeirra sérstæðu aðstæðna sem Þingeyjarsýslurnar hafa á sviði ferðamála.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga

Þekkingarsetrið hafði reglulegt samráð og samstarf um ýmis mál við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga á árinu 2004. Starfssvið stofnananna hafa snertifleti og geta báðar hagnast á samstarfi.

Aðrir

Þekkingarsetrið átti samstarf með einum eða öðrum hætti við fjölmargar aðrar stofnanir og fyrirtæki á árinu. Starfsemi setursins byggir mikið á því að skapa traust samstarfsnet innan héraðs og ekki síður að tengja starfsemina út fyrir héraðið og jafnvel landsteinana.

Fjárhagur

Rekstur ársins 2004

Samkvæmt samningnum við menntamálaráðuneytið fékk Þekkingarsetrið 4 m.kr. til reksturs á árinu 2004. Húsavíkurbær greiddi 1 m.kr. í rekstur og að auki 1 m.kr. í stofnkostnaðarframlag þar sem engar fjárveitingar höfðu komið til stofnkostaðar annars staðar frá. Ljóst má vera að fjárframlög til reksturs á árinu 2004 fóru fjarri því að duga fyrir útgjöldum. Í skýrslu menntamálaráðuneytisins um stofnun Þekkingaseturs á Húsavík¹ er t.a.m. gert ráð fyrir ársrekstrarkostnaði upp á um 11 m.kr. Það sem varð til bjargar á árinu 2004 var hins vegar það að 5 m.kr. framlag vegna ársins 2003 hafði ekki verið fullnýtt á því ári þar sem stofnunin hóf ekki starfsemi fyrr en í október. Af þessum sökum náðist naumlega að láta enda ná saman um áramót 2004/2005. Eftir standa þó ýmsir stofnkostnaðarliðir sem frestað hefur verið.

Vísað er til ársreiknings Þekkingaseturs Þingeyinga 2004 til nánari upplýsinga um fjárhag ársins 2004.

Horfur fyrir rekstur ársins 2005

Samkvæmt fyrrnefndum samningi Þekkingaseturs Þingeyinga og menntamálaráðuneytisins fær Þekkingarsetrið 5 m.kr. framlag til reksturs Þekkingasetursins á árinu 2005.

Þekkingarsetur Þingeyinga hefur ítrekað óskað endurskoðunar á samningi þessum þar sem fullljóst er að umsamið framlag til rekstrar fer fjarri því að duga fyrir þeirri starfsemi sem skýrsla starfshóps menntamálaráðherra um stofnun setursins gerir ráð fyrir.

Eftir beiðni þar um ákvað Alþingi að hækka framlag til Þekkingasetursins á fjárlögum 2005 um 3 m.kr. eða alls í 8 m.kr. á árinu. Með þessari aukafjárveitingu frá Alþingi, rekstrarfralagi frá sveitarfélagi í héraði, og sértekjum af útseldri vinnu forstöðumanns er útlit fyrir að endar muni ná saman í rekstri stofnunarinnar á árinu 2005.

Horfur fyrir rekstur til framtíðar

Í starfsemi Þekkingaseturs Þingeyinga hefur stefnuleysi í fjármögnun og rekstri stofnunarinnar og annarrar áþekkrar starfsemi á landinu verið helsta fyrirstaðan. Á árinu 2004 var engin stefna tekin að hálfu stjórnvalda um fjármögnun og rekstur Þekkingaseturs Þingeyinga utan þess tímabundna samnings sem undirritaður var við stofnun setursins.

Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir því að Þekkingarsetrið verði rekið að mestu með fjárframlagi af ríkisfé. Það er ljóst að brýn þörf er á því að Þekkingarsetri Þingeyinga verði tryggður fastur farvegur í fjármögnun og rekstri til framtíðar. Sá tímabundni samningur sem gerður var við stofnun setursins rennur út að loknu árinu 2005 og er alger óvissa uppi um fjárframlög eftir það þegar þetta er skrifað.

¹ Menntamálaráðuneytið: maí 2005. Skýrsla vinnuhóps menntamálaráðherra um Þekkingarsetur Þingeyinga á Húsavík. Bls. 17.

Lokaorð

Árið 2004 einkenndist af uppbyggingu starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga og sköpun þeirra tengsla sem stofnuninni eru nauðsynleg í upphafi reksturs.

Í upphafi skólaársins 2004-2005 opnaði stofnunin háskólanámssetur og hefur rekstur þess í samstarfi við Fræðslumiðstöð Þingeyinga gengið vel.

Almennt séð komst starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga vel af stað á árinu 2004 og er að ná nokkrum stöðugleika undir lok ársins, ef horft er framhá ókláraðri fjármögnun stofnunarinnar til framtíðar.



Pekkingarsetur
Þingeyinga